



Ársskýrsla 2019



FRÁ FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Laufey Birgisdóttir

ABC barnahjálpi

5/11/2020

STARFSEMI

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Starf ABC barnahjálpar snýst fyrst og fremst um að veita fátækum börnum menntun og þar með tækifæri til framtíðar. ABC Barnahjálpar gat með hjálp trúfasta stuðningsaðila, sem gefa mánaðarlega, stutt um 4000 börn til náms og gefið þeim tækifæri til betra lífs í þeim sjö löndum, sem ABC starfar í dag, en þau eru Bangladess, Búrkína Fasó, Filippseyjar, Indland, Kenía, Pakistan og Úganda. Rekstur ABC barnahjálpar er að mestu fjármagnaður með ágóða af sölu varnings á Nytjamörkuðunum, frjálsum framlögum í rekstrarsjóð og annara gjafa. Einnig var símasöfnun og valgreiðsla í heimabanka fyrir jólagjafasjóð og margir, sem nýttu sér að kaupa gjafabréf á heimasíðu ABC til að gefa tækifæris- og minningargjafir.

Hið árlega söfnunaráttak "Börn hjálpa börnum" var haldið í grunnskólum og söfnuðust 6.510.517 krónur. Sem er nánar komið inná hér aftar í skýrslunni.

TÖLULEGAR STAÐREYNDIR

Börn, sem fengu stuðning frá ABC, voru tæplega 4000 talsins í árslok, svipaður fjöldi og í fyrra.

- Í Bangladess eru 540 börn í skóla og þar af eru 409 studd af ABC og búa þau öll á heimavistinni, sem heitir Home of Peace. ABC byrjaði stuðning við skólann í lok árs 2017 og gengur vel.
- Í Búrkína Fasó stunduðu 699 börn nám á árinu og eru þau öll studd af ABC. Í árinu var byggður matsalur, sem rýmir um 700 manns, einnig 300 fm bygging með 4 skólastofum með sólarcellum á þaki byggingarinnar. Íþróttasvæði með fótbolta- körfubolta- handbolta- og blakvelli var klárað.
- Á Filippseyjum stunduðu 472 börn nám á árinu frá leikskóla til háskólanáms með stuðningi ABC en þar byrjaði ABC að styðja börn til náms fyrir um 28 árum síðan.
- Á Indlandi hefur ABC stutt lítinn skóla, sem hefur um 147 börn, síðan 1995. Nemendur eru allir úr hinum lægstu stéttum í þjóðfélaginu, kölluð hin ósnertanlegu.
- Í Kenía stunduðu 205 börn nám á árinu. Annars vegar í fátækrahverfi Nairóbí og hins vegar í Namelok í suðurhluta Kenía, bæði í námi og heimavist.
- Í Pakistan tók ABC við rekstri skóla í byrjun árs, þar sem eru flestir nemendur eru afkomendur og börn „múrsteinaþræla“ eða 210 börn. Aðkoma ABC hefur gjörbreytt skólastarfinu og lífsgæðum þessara barna að öllu leyti.
- Í Úganda starfar ABC með svipuðu sniði og síðast liðin ár, en þar hefur ABC starfað með "ABC children's aid Uganda" í 25 ár og styðja íslendingar um 1265 börn til náms á þremur svæðum, í Kasangati, Kitetika og Rackoko.

INNANLANDS

Innanlands var forvarnafræðsla Magga Stef. Hún gengur út á að vera með jákvæða forvarnarfræðslu í grunnskólum fyrir nemendur og foreldra.

Nytjamarkaður ABC var rekinn á tveimur stöðum árið 2019, Víkurhvarfi 2 og við Dalshraun í Hafnarfirði. 1.júlí var húsnæði Nytjamarkaðarins í Hafnarfirði minnkaði um 150 fm og stöðugildum fækkað niður í eitt.

Á árinu voru 11 starfsmenn ABC á Íslandi, 5 á skrifstofu og 6 á Nytjamörkuðum ABC og einn á vettvangi, sem sinnir eftirliti á vettvangi. Margir sjálfboðaliðar komu að starfi ABC barnahjálpar á árinu og sinntu þeir ýmsum störfum. Margir þeirra unnu við ýmis störf á Nytjamörkuðum og söfnun bauka um allt land.



VETTVANGSHEIMSÓKNIR OG GJAFIR

BANGLADESS. . ABC hefur stutt starfið við heimavistaskólann "Home of Peace" í Bangladess í tvö ár. ABC styður um 575 börn af þeim 613, sem stunda nám og búa á heimavistinni, 355 stúlkur og 220 drengir. Um mitt ár voru settar upp 9 nýjar sólarsellur á báðar heimavistirnar, borðsal, samkomusal og skrifstofubyggingu. Og þetta hefur stórbætt aðstöðuna á skólanum fyrir bæði nemendur og starfsfólkið. Í lok ársins fengum við falleg jólakort frá vettvangi og við sendum peningagreiðslu frá stuðningsaðilum ABC til að halda jólahátíð og gefa öllum börnunum eina jólagjöf sem vakti mikla gleði og kátínu.

BÚRKÍNA FASÓ. Starfið í Búrkína Fasó gengur vel undir góðri stjórn Hinriks og Gullýjar. ABC safnaði fyrir Vatnsbrunni fyrir garðyrkjuskólann "Lifland" með, gjöf frá Reykjavíkummaraþoni, málverk frá Tolla og afmælisamkomu í Kotinu. Síðan fóru vaskir menn frá Áveitunni á Akureyri til Búrkína og gáfu starfinu alla vinnu og mikinn kostnað til að setja upp þennan vatnsturn og pípulagnir í húsin. Sem er gríðarlega stór gjöf. Nýr leikskóli var byggður fyrir gjafafé frá Nyttjamarcaðinum á Selfossi og gerði okkur kleift að taka inn tvo nýja árganga, 4 og 5 ára. Nýtt stúlknaheimili og drengjaheimili voru byggði á Liflandi og fluttu fyrstu stúlkurnar inn í október og drengirnir í desember, þau fengu síðan öll hjól til umráða til að hjóla á milli Liflands og skólans. Vegna átaka í landinu var ákveðið að safna fyrir hærra öryggisvegg til að tryggja öryggi skólans. Children mission safnaði um 3.000.000 kr. og var lokið við að hækka vegginn og setja vírgirðingu í október.

FILIPPSEYJAR. Starfið á Filippseyjum, þar sem ABC hóf stuðning við börn árið 1990 í gegnum Children's Mission, hefur verið farsælt allar götur síðan. Mikið var um dýrðir þegar starfið á Filippseyjum hélt upp á 35 ára starfsafmæli Children's Mission Philippines í mars. Stofnendurnir Thord og Birgitta ásamt stjórn og starfsfólki á staðnum fögnuðu saman þessum áfanga með börnunum. Þráinn Skúlason stjórnarmaður ABC heimsótti starfið í júlí og það eru spennandi tímar og miklir vaxtamöguleika þar. Á haustmánuðum gáfum við starfinu nýja myndavél til að hægt sé að taka betri myndir af nemendum og viðburðum.

INDLAND. ABC hefur starfað með Evu Alexander og "Comforter Ministries" síðan 1995 og reka þau lítinn skóla en oftast hafa verið um 120-200 nemendur frá leikskóla upp í framhaldsskóla. Í Janúar 2019 fór framkvæmdastjóri ABC að heimsækja skólann okkar á Indlandi í tilefni þess að nú eru 25 ár síðan við byrjuðum að styrkja börn til náms þar. Sérstaklega var gaman að hitta nokkrar stúlkur sem höfðu útskrifast frá ABC skólanum og fengu allar styrk til að stofna lítil fyrirtæki. Mikið er búið að vera um flóð og fávíðri á svæðinu svo það sást að það var mikil þörf á endurbætur á þökum og veggjum skólans eins og vatnsbrunni skólans. ABC sendi strax fjármagn fyrir þessum endurbótum. Eins var tækjabúnaður orðin þreyttur svo við einnig fengu þær styrk til að kaupa fyrir skrifstofuna tölvu, skanna og prentara.

KENÍA. ABC fékk styrk frá ICEIDA til að byggja nýja vatnsveitu og öryggisvegg í kringum skólann í Namelok sem var byrjað á í janúar og lauk í júní og hefur stórbætt aðstæður í og við skólann. Í upphafi skólaársins 2019 var farið í miklar endurbætur á íþróttastarfi skólans, ABC keypti nýja íþróttabúninga á alla nemendur ásamt nýjum íþróttabúnaði til að stunda ýmsar boltaíþróttir. Eins var farið í að kaupa nýjar skólabækur og bæta aðstöðuna á skólaskrifstofunni. Stjórnarmenn ABC Þráinn og Samúel heimsóttu skólana í Kenía í lok maí. Tilgangur ferðarinnar var að skoða aðstöðu og framkvæmdir við skólanna fóru yfir framtíð samstarfsins og væntingar. Einnig tóku þeir út verkefnið sem ICEIDA styrkti og gerðu lokaskýrslur. Í lok nóvember fóru Þráinn stjórnarformaður og Laufey framkvæmdastjóri út vegna funda með stjórn beggja skólanna, en samningur við skólana var komin að endurnýjun og þurfti að taka ákvörðun um framhaldið. Niðurstaða heimsóknarinnar kom síðar í ljós að ABC myndi hætta að styrkja skólann í Namelok í febrúar 2020 en halda áfram í Nairobi.

PAKISTAN. Nú hefur ABC stutt skólann í Pakistan í tvö ár. Á árinu var byggt leiksvæði við skólann með útileiktækjum og íþróttavarnir og þetta er fyrsta íþróttasvæði sem er opnað á svæðinu og mörg barnanna aldrei séð íþróttavarnir né leiksvæði áður. Settar voru upp öryggismyndavélar til að tryggja öryggi barnanna. Nemenda eldhús var sett upp svo börnin eiga sitt eigið te og drykkjar horn sem þau geta notað á skólatíma. Í upphafi ný skólaárs fengu allir nemendur tannbursta og tannkrem ásamt kennslu um mikilvægi tannhirðu og allir eldri nemendur fengu sína fyrstu vasareiknivél og kennslu til að bæta við þekkingu sína í reikning. Í sumar var ákveðið að bæta við Science kennslu og var nýr kennari ráðinn til að kenna vísindi og efnafræði sem er nýtt fag í skólanum fyrir 9 og 10 bekk. Og svo er skemmtileg nýjung að við fáum rakara í heimsókn sem gefur öllum drengjum klippingu einu sinni í mánuði

ÚGANDA. ABC Úganda rekur 9 skóla á 3 svæðum. Vatnsverkefninu "Save water" lauk í febrúar en formleg afhending var á alþjóðlega degi vatnsins 22 mars. Þá voru nýju vatnstankarnir vígðir og öll börn í grunnskólanum fengu gefins vatnsflöskur til að fylla á, á daginn. Í byrjun júní heimsóttu Samúel og Þráinn starfið og hittu skólastjórnendur og stjórn skólann og tóku þátt í ráðstefnu með nýrri stjórn skólans. Trudý sem er stofnandi starfsins mun láta af störfum á næstu mánuðum vegna aldurs og í staðin mun starfandi stjórn taka við daglegum rekstri skólans og Trudy verður áfram í stjórn og aðal ráðgjafi skólans.

Frekari upplýsingar eru á heimasíðu okkar. www.abc.is



Með kveðju og þakklæti

Laufey Birgisdóttir

framkvæmdastjóri ABC

„Starf ABC barnahjálpar snýst fyrst og fremst um að veita fátækum börnum menntun og þar með tækifæri til framtíðar“

UPPGJÖR BÖRN HJÁLPA BÖRNUM 2018

Árlegt söfnunaráttak ABC barnahjálpar, Börn hjálpa börnum, hófst að þessu sinni í Lundarskóla á Akureyri mánudaginn 18. Febrúar að viðstöddum bæjarstjóra Akureyrar, Þetta er í 22. skipti sem söfnunin fer fram. Í ár tóku 56 skólar þátt, og 1.653 nemendur. Börnin söfnuðu 6.510.517 kr til styrktar starfinu og mun sú fjárhæð fara í áframhaldandi uppbyggingu á starfsemi ABC í Afríku og Asíu.

Meðal annars höfum við keypt vasareikna fyrir nemendur í Pakistan, einnig var unglingum ásamt kennurum boðið á námskeið.

Í Kenía er verið að útbúa nýja heimavist ásamt því að keyptir verða nýir skólabúningar, skólabækur og íþróttavörur. Keypt var tölva ásamt tölvunámskeiði fyrir unglinga og ungfúllorðna til að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði eftir skóla. Einnig var keypt myndavél svo hægt sé að taka betri myndir af nemendum og viðburðum sem þar eiga sér stað.

Á Indlandi var mikil þörf á viðhaldi á skólahúsnæði. Þar hjálpuðum við til með endurbætur á skólabyggingunni sem var öll máluð, lagaður var leki í þaki hússins og viðgerð á vatnsbrunni skólans.

Í Búrkiná Fasó er verið að bæta aðstöðuna við nýja heimavist eldri nemenda var um 1.000.000 kr úr söfnuninni nýttur í það.

Við gáfum starfinu í Filippseyjum nýja myndavél til að hægt sé að taka betri myndir af nemendum og viðburðum og erum nú þegar farin að fá myndir frá þeim teknar á nýju vélina.

Eins og sjá má munar heldur betur um þessa peninga, sem þessir frábæru íslensku krakkar söfnuðu og erum við þeim hjartanlega þakklát!



UPPGJÖR FRÁ KPMG ENDURSKOÐANDA

Styrkir úr BHB sjóð 2019;

		Upphæð
01.03.2019	Pakistan -vasareiknar	22,031
01.03.2019	Kenýa – Tölva og myndavél	53,551
12.03.2019	Kenya - Tölvunámskeið	84,826
02.04.2019	Kenya - Fótboltar	19,697
09.05.2019	Kenya –próf fyrir Háskóla	139,046
03.06.2019	Pakistan – Námskeið f.kennara	121,933
01.07.2019	Indland – Viðhald á skóla	1,606,004
20.08.2019	Búrkína Fasó - Öryggisveggur	1,000,000
02.09.2019	Kenýa – próf f. Háskólanám	198,048
01.10.2019	Kenýa – Lucy kennaranám	68,536
02.10.2019	Bjartur Sig. Heimildarmynd Búrkína Fasó	100,000
23.10.2019	Kenýa – ný aðstaða og skólabúningar	982,064
01.10-03.12	Kenýa – sérstakur stuðningur CHC	1,534,080
	Samtals greitt	5,929,816 ISK

Mismunur. Kostnaður við kaup á baukum og buffi fyrir söfnunina ásamt banka-og umsýslu kostnaður, akstur.

580,701 ISK

YFIRLÝSING STJÓRNAR

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2019 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2019.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 18. maí 2020.

KPMG ehf.

REKSTRAREIKNINGUR ÁRSINS 2019

Tekjur	2019	2018
Gjafir og áheiti	147.713.510	154.691.771
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	5.857.864	7.231.938
Vörusala nytjamarkaðar	52.877.325	49.204.049
Önnur framlög og styrkur	56.693.348	74.456.393
Tekjur samtals	263.142.047	285.584.151
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	58.550.966	55.128.023
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá	164.020.124	178.510.993
Annar rekstrarkostnaður	42.726.953	49.250.594
Afskriftir	1.841.093	1.490.925
Gjöld samtals	267.139.136	284.380.535
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	-3.997.089	1.203.616


Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	420.107	632.175
Vaxtagjöld	(142.798)	(280.374)
Gengismunur	121.486	114.368
Fjárm.liðir samtals	398.795	466.169
Hagnaður ársins	-3.598.294	1.669.785

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

Eignir	2019	2018
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir	4.543.052	5.915.425
Fastafjármunir samtals	4.543.052	5.915.425
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	44.100	397.160
Viðskiptakröfur	7.993.010	8.744.579
Aðrar skammtímakröfur	740.805	25.000
Óbundnar bankainnistæður	18.720.299	21.198.959
Veltufjármunir samtals	27.498.214	30.365.698
Eignir alls	32.041.266	36.281.123
Eigið fé		
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé	28.065.237	31.663.531
Eigið fé samtals	28.065.237	31.663.531
Skammtímaskuldir		
Skuld við lánastofnun	748.845	1.038.717
Viðskiptaskuldir	1.304.827	1.510.414
Ógreidd launatengd gjöld	1.922.357	2.068.461
Skuldir samtals	3.976.029	4.617.592
Eigið fé og skuldir alls	32.041.266	36.281.123


Income Jan-Des 2019

■ Donations, regular donors ■ Catastrophe fund ■ Other donations ■ Collection cans ■ Memorial gifts ■ Operating fund ■ Second hand market Nýjón



Expenses Jan-Des 2019

■ Monthly support for children ■ Earmarked gifts ■ Field services ■ CM 3,5 % and CM salary ■ Field services Iceland ■ Salary & related expenses ■ Rent and other cost ■ Admin expences ■ Traveling cost ■ Financial cost/revenue



Analysis result 2018/2019

